

steins Sigurðssonar í þessu máli. Sækjandi greiðir stefnda 30 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni sækjanda, Boga Brynjólfssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 20 kr. í málflyttingslaun af almannafé.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að við lagðri laga-aðför.

Mánudaginn 21. maí 1917.

Nr. 18/1917.

Gísli Jónsson
gegn
Erlendi Erlendssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Gísli Jónsson málari hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Erlendi kaupmanni Erlendssyni sama staðar, til þess að fá hann dæmdan til að láta lausan við áfrýjanda móbrúnan hest, og til að greiða honum í skaðabætur 50 kr. fyrir heimildarlaust hald á hestinum, svo og málskostnað. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 18. jan. þ. á., var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir nú með stefnu dags. 16. febrúar þessa árs skotið málinu til yfirdómsins. Eru kröfur

hans þar hinar sömu og fyrir undirréttinum, og auk þess krefst hann málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknunar og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Ágreiningsefnið í máli þessu er aðallega það, hver átt hafi eða eigi hinn umstefnda hest. Að sögn stefnda var hesturinn eign Einars Jónssonar bónda á Nesjum í Grafningi, og kom hann hestinum fyrir á fóður hjá stefnda veturinn 1915—1916.

Á árinu 1915 — hvenær, sést eigi af máls skjölunum — var bú Einars Jónssonar tekið til gjaldþrotaskifta, en hesturinn var þá eigi við uppskrift búsinns talinn með eignum þess. En síðar, að því er virðist seint á árinu 1916, tilkynti Einar skiftaráðanda, að hann ætti móbrúnan hest, er honum hefði gleymst að segja til við uppskrift búsinns. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að hesturinn sé eign Guðnýjar Gísladóttur, fyrverandi bústýru Einars Jónssonar, hafi hann selt henni hestinn sumarið 1914, gefið henni bréflégt afsal fyrir honum við votta og fengið um leið kaupverðið greitt í peningum. En afsalsbréfinu hafi Guðný glatað.

Hesturinn var enn hjá stefnda í júlímánuði 1916, en með skjali dags 5. s. m. leigði Guðný Gísladóttir áfrýjanda hestinn og veitti honum jafnframt umboð til að selja hann, ef gott verð byðist fyrir hann, en stefndi neitaði þá að sleppa hestinum, og út af því er þetta mál risið.

Umsögn áfrýjanda, að Guðný Gísladóttir eigi hestinn, styðst við framburð tveggja vitna, er hafa

skýrt frá því, að þau Einar og Guðný hafi verið eða sumarið 1915 samtímis sagt vitnunum, að hann hafi selt henni móbrúnan hest.

Einar Jónsson hefir í skjali, sem framlagt er í málinu, neitað því eindregið, að hann hafi selt Guðnýju hestinn og lýst því yfir, að þau áfrýjandi og Guðný væru í alla staði ófrjáls að honum.

Áðurgreindir vitnisburðir verða nú útaf fyrir sig eigi taldir næg sönnun þess, að Einar hafi selt Guðnýju hinn umstefnda móbrúna hest, enda draga aðrir framkomnir vitnisburðir úr styrkleik þeirra. Eitt vitni hefir það þannig eftir Einari, að hann að visu hafi selt Guðnýju hestinn, en aðeins að formi og án þess að fá nokkra peninga frá Guðnýju. Ann að vitni hefir vottað, að áfrýjandi hafi 31. desember 1915, er hann sem fyrverandi ráðsmaður bús Einars Jónssonar á Nesjum afhenti vitninu búið, sagt vitninu að Einar ætti móbrúnan hest, er væri á fóðri hjá stefnda. Og enn hefir eitt vitni, sem áfrýjandi hefir leitt, borið það, að síðan sumarið 1914, er salan átti að hafa farið fram, hafi alls eigi verið farið með hestinn sem eign Guðnýjar, heldur sem eign Einars Jónssonar. Þá er og ekkert framkomið til stuðnings þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að Guðný hafi greitt Einari hestverðið.

Það virðist eftir þessu eigi verða talið sannað, að margnefndur hestur hafi verið eign Guðnýjar Gísladóttur, svo að hún hafi haft heimild til að selja hann á leigu eða ráðstafa honum á annan hátt, enda verður að ætla, að hesturinn eftir að Einar Jónsson, sem fyr segir, hefir sagt skiftaráðanda til hans, sé komin í vörzlu

og undir umráð skiftaréttarins, og verður stefndi þá, einnig af þeirri ástæðu, eigi skyldaður til að afhenda hann, en það ber undir úrskurð skiftaréttarins, hvort hesturinn verði talinn eign búans eða ekki.

Það ber því að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda í þessu máli, og með því yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og bæjarþingsdómurinn og felst á ákvæði hans um málskostnað, má staðfesta þann dóm.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir eftir málavöxtum rétt að áfrýjandi greiði stefnda og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjandi Gísli Jónsson greiði stefnda, Erlendi Erlendssyni 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. júní 1917.

Nr. 46/1916.

Kjartan Rósinkransson
gegn

Guðmundi Andréssyni
og Jóni Sveinssyni.